

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1827

Ár 2010, þriðjudaginn 5. janúar kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Anna G. Edvardsdóttir, Baldur S. Einarsson, Soffía Vagnsdóttir og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Sorpmál.

Tölvubréf frá bæjarstjóranum í Ísafjarðarbæ, dags. 30. 12. 2009 þar sem Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi er boðið í samstarf vegna útboðs á sorphirðu og sorpeyðingu.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að vinna að málinu í samstarfi við ofangreind sveitarfélög.

2. Jafnréttisáætlun sveitarfélaga .

Bréf frá Jafnréttisstofu er varðar jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

09 12 028

Bæjarstjóra falið að svara erindinu í samráði við félagsmálastjóra.

3. Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2010.

Bréf frá Samgöngu – sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 14. desember 2009. Framlagið er áætlað 4.260.000 á árinu 2010.

09 09 009

Kynnt.

4. Eftirlit með meðhöndlun úrgangs.

Bréf dags 25. nóvember 2009, frá Umhverfisstofnun.

09 12 024

Erindinu vísað til umhverfismálaráðs.

Hér kom Halla Signý Kristjánsdóttir, fjármálastjóri til fundarins.

5. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár 2010.

Bæjarráð Bolungarvíkur gerir eftirfarandi breytingartillögu við fjárhagsáætlun 2010.
Veitt verði fjármagni til að ljúka við endurbyggingu á Félagsheimili Bolungarvíkur. Annars vegar er um að ræða 40 milljónir króna í stað þeirra 25 milljóna króna sem lagðar voru til við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Sú upphæð verður nýtt til að ljúka við verksamning þann sem nú er unnið eftir. En einnig er lagt til að settar verði í verkefnið 25 milljónir króna vegna innréttinga og búnaðar þannig að húsið verði tilbúið til notkunar eigi síðar en 1. desember 2010.

Greinargerð:

Fjármögnun viðbótarfjárfestingar byggir á því að útkomuspá ársins 2009 gerir ráð fyrir 15 m. kr betri afkomu þess árs en gert var ráð fyrir við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Einnig hefur verið dregið úr áætluðu viðhaldi í eignasjóði á árinu 2010 um 5 m. kr. Þá gera fjárlög ríkisins fyrir árið 2010 ráð fyrir því að sveitarfélögum verði endurgreiddur útlagður kostnaður vegna hækkunar tryggingargjalds úr 7% í 8,6%, en það þýðir auknar tekjur fyrir Bolungarvíkurkaupstað að upphæð 4 m. kr. Gert er ráð fyrir að þeim mismun sem á vantar verði mætt með sölu eigna.

Bæjarráð vísar gjaldskrá og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 til síðari umræðu í bæjarstjórn 7. janúar 2010.

Fundi slitið kl. 17:10.

Anna G. Edvardsdóttir
Baldur S. Einarsson
Soffía Vagnsdóttir
Halla Signý Kristjánsdóttir
Elías Jónatansson